

**Nr. 108 / 10 Óli Magg BA 30*****Fær í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2578  
Smíðaður: Hellissandi 2003 plast  
Stærð: 6,43 brl. 3,02 bt.  
Mesta lengd: 6,88 m Skráð lengd: 5,98 m  
Breidd: 2,72 m Dýpt: 1,35 m  
Vél: Yanmar 213,3 kW 2006  
Fjöldi skipverja: 1

**Gögn:**

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 3. ágúst 2010 var Óli Magg BA 30 á landleið til Patreksfjarðar. Veður NV 6 m/sek

Bátsverjinn varð var við mikinn titring frá skrúfu og það dró niður í vélinni. Stutt var til hafnar og bað hann um aðstoð Hafbárunnar BA 53 þar sem hann óttaðist að gír eða skrúfa hafði skemmst. Þegar komið var í höfn sást að tóg hafði lent í skrúfunni.

***Við rannsókn kom fram:***

- að bátsverjinn taldi að tógið hafi verið landfestatóg u.þ.b. 7 til 8 m langt;
- að sögn skipstjóra voru tvö akkeri til reiðu og var hægt að láta þau falla með skömmum fyrirvara.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.